

**Fundargerð 11. fundar
Framkvæmda- og skipulagsráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
21. maí 2019 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Reynir Þór Ragnarsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Davíð Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

1. Skagabraut 15 - ósk um stækkun lóðar - 1905029

Eigandi Skagabrautar 15 óskar eftir stækkun á lóð í samræmi við meðfylgjandi gögn.
Ráðið tekur jákvætt í erindið. Skipulagsfulltrúa falið að gera tillögu að nýju mæliblaði lóðar.

2. Brimklöpp 9 - umsókn um lóð - 1905028

Rúnar Ásgeirsson sækir um lóðina Brimklöpp 9 undir byggingu einbýlishúss.
Samþykkt.

3. Nátthagi 12 - umsókn um byggingarleyfi - 1905026

Lóðarhafi Nátthaga 12 sækir um byggingarleyfi sumarhúss skv. meðfylgjandi gögnum.
Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða byggingarleyfi vegna Nátthaga 12.

4. Nátthagi 22 - umsókn um lóð - 1905047

Vilbert Gústafsson sækir um lóðina Nátthagi 22 undir byggingu sumarhúss.
Samþykkt.

5. Nátthagi 20 og 21-Umsókn um lóðir - 1905048

HS Dreifing sækir um lóðirnar Nátthaga 20 og 21 undir byggingu sumarhúsa fyrir ferðaþjónustu.
Samþykkt að úthluta umsækjanda lóðunum nr. 20 og 21.

6. Nátthagi 19 - umsókn um lóð - 1905024

Ásgeir Gunnarsson sækir um lóðina Nátthaga 19 undir byggingu sumarhúss.
Samþykkt.

7. Iðngarðar 23 - umsókn um lóð - 1905049

Nice & spicy ehf. sækir um lóðina Iðngarða 23 undir byggingu veitingahúss.
Samþykkt.

8. Hólshús - flytja tank á lóð og breyta í hesthús - 1905050

Eigandi Hólshúss óskar eftir að fá að staðsetja stáltank á lóð og nota sem hesthús skv.

11. fundur Framkvæmda- og skipulagsráðs
23.05.2019

meðfylgjandi gögnum.

Máli frestað. Byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna.

9. Viðurkenningar - 1812040

Fyrirkomulag umhverfisviðurkenninga 2019 rædd.

Lagt fram til umræðu og kynningar. Verkefnastjóra umhverfismála falið að móta tillögur með hliðsjón af umræðum á fundinum.

Fundi slitið kl. 18:00.

Einar Jón Pálsson

Reynir Þór Ragnarsson

Kristinn Halldórsson

Laufey Erlendsdóttir

Davíð Ásgeirsson

Jón Sigurðsson
